



**Reykjanesbær**

## Hvatningarverðlaun Reykjanesbæjar

Menntaráð Reykjanesbæjar efnir árlega til hvatningarverðlauna fyrir verkefni í skólastarfi sem þykja skara fram úr og vera öðrum til eftirbreytni. Verðlaunin eru veitt til einstakra kennara, kennarahópa og starfsmanna í leikskólum, grunnskólum og tónlistarskóla Reykjanesbæjar sem standa að baki verkefnunum.

Hver skóli getur sent inn eina tilnefningu um áhugavert eða framúrskarandi verkefni sem hefur nýst skólanum eða skólasamfélaginu og hefur verið unnið á yfirstandandi skólaári. Úrvinnsla tilnefninga er í höndum skrifstofu menntasviðs. Ákvörðun um hvaða verkefni hlýtur hvatningarverðlaunin 2026 er hjá kjörnum fulltrúum í menntaráði Reykjanesbæjar.

Skila þarf inn tilnefningunni fyrir lok dags 22. maí 2026.

Verðlaunin verða afhent miðvikudaginn 3. júní 2026.



# Hvatningarverðlaun menntaráðs Reykjaneshæjar veitt



06.06.2025 | Fréttir, Grunnskólar, Leikskólar

Menntaráð Reykjaneshæjar veitir árlega hvatningarverðlaun fyrir framúrskarandi verkefni í leik-, grunn- og tónlistarskólum bæjarins. Verðlaunin eru hugsuð sem hvatning og viðurkenning fyrir faglegt og nýstárlegt skólastarf sem getur orðið öðrum skólum og starfsmönnum til fyrirmyndar.

Hver skóli átti kost á að tilnefna eitt verkefni sem þykir hafa skarað fram úr á yfirstandandi skólaári, og bárust alls 12 tilnefningar í ár, sjö frá grunnskólum og fimm frá leikskólum. Úrvinnsla tilnefninga var í höndum skrifstofu menntasviðs, en það eru kjörnir fulltrúar í menntaráði Reykjaneshæjar sem taka endanlega ákvörðun um hvaða verkefni hlýtur hvatningarverðlaunin.

Tvö verkefni hlutu sérstaka viðurkenningu frá menntaráði í ár. Annars vegar verkefnið „Nýsköpunar og tæknimennt“ frá Háaleitisskóla, sem Drífa Hjördís Thorstensen stendur að, og hins vegar „Félagsfærni sem hittir í mark“ frá Heiðarskóla, unnið af Maríu Guðmundu Pálsdóttur, Unu Björk Kristófersdóttur og Þóreyju Garðarsdóttur.

Hvatningarverðlaun menntaráðs 2025 hlaut verkefnið „Heillaspor, verkefni til að efla vellíðan og tilfinningalegt öryggi í skólastarfi“ frá Stapaskóla. Að verkefninu standa Jón Haukur Hafsteinsson, Haukur Hilmarrson, Guðrún S. Magnúsdóttir, Selma Ruth Iqbal, Hólmfríður Rún Guðmundsdóttir, Linda Ósk Júlíusdóttir, Ingvi Hrafn Laxdal Victorsson og Gróa Arndal Axelsdóttir.



Reykjaneshæ er stoltur af öllum þeim frábæru og fjölbreyttu verkefnum sem unnin eru í skólum bæjarins. Við erum afar þakklát fyrir framsýni, elju og metnað starfsfólks leik-, grunn- og tónlistarskólanna okkar, sem dag eftir dag leggja hjarta sitt í að skapa jákvætt og öflugt námsumhverfi fyrir börnin í bænum okkar.